

ir upp í skiftarétti Húnavatnssýslu 23. janúar þ. á., um ágreining milli erfingjanna í dánarbúi Gísla Bjarnasonar frá Njálstöðum. Skiftaréttargjörðirnar sýna það þó eigi, að sáttatilraun hafi fram farið um ágreiningsatriðin áður en þau voru úrskurðuð af skiftaréttinum, eins og fyrir er mælt í tilskipun 20. janúar 1797, 10. gr. b, og lögum 12. apríl 1878, 38. gr., og verður því að dæma ómerka hina áfrýjuðu úrskurði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinir áfrýjuðu skiftaréttarúrskurðir skulu vera ómerkir, og vísast málinu heim í hérað til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 16. ágúst.

Nr. 35/1909:

Gunnar Þorbjörnsson kaupmaður  
gegn

Jóni Magnússyni bæjarfógeta  
fyrir hönd landsjóðs.

D ó m u r :

Í fógetarétti Reykjavíkur var 29. maí þ. á. kveðinn

upp úrskurður á þá leið, að tekinn skyldi lögtaki hjá áfrýjanda, Gunnari kaupmanni Þorbjarnarsyni, tollauki samkvæmt 3. gr. laga um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi 31. marz þ. á. af ýmsum áfengum drykkjum, er áfrýjandi hafði fengið frá útlöndum 14. og 24. marz þ. á., en neitað að greiða af þenna tollauka, sem nemur samtals 4218 kr. 64 aur. Til að komast hjá lögtaki afhenti áfrýjandi fógetanum viðskiftabók við Landsbankann með 4250 kr. innstæðu, en lýsti því jafnframt yfir, að hann mundi áfrýja úrskurðinum, og samkvæmt því hefir hann með stefnu dags. 2. f. m. skotið til yfirdómsins nefndum fógetaúrskurði og lögtaksgjörð, og krafist þess, að hvorttveggja verði úr gildi felt, að kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, og fógetinn verði dæmdur til að skila honum aftur sparisjóðsbókinni, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Af hendi stefnda hefir eigi verið mætt í yfirdóminum og verður þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eftir þeim gögnum, sem fram eru lögð.

Í fyrgreindum lögum, er staðfest voru af konungi 31. marz þ. á. og öðluðust gildi sama dag, er svo ákveðið í 3. gr., að af vörum þeim, sem aðflutningsgjald er hækkað á eða nýtt gjald lagt á samkvæmt 1. gr. og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skuli greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu. Áfrýjandi heldur því fram og byggir kröfur sínar á því, að ákvæði þetta fari útfyrir það svið, er lög-gjafarvaldinu sé markað í stjórnaðskránni, og sé því ógilt; það geti eigi verið heimilt að setja lög um skatta eða



aðrar álögur fyrir umliðinn tíma, því að fjárhagur manna yrði þá algjörlega ofurseldur löggjafarvaldinu, það gæti þá gjört eigur manna verðlausar eða skert vermæti þeirra að meira eða minna leyti og þannig gjört að engu ákvæði 50. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, enda tjáist áfryjandi hafa beðið óverðskuldað tjón fyrir þetta ákvæði laganna, er hann hafi eigi getað varað sig á eða hagað sér eftir, og orðið harðar úti en aðrir kaupmenn, er vitanlegt sé að hafi fengið stórmiklar birgðir af sams konar tollvörum rétt fyrir 12. marz.

Þessar ástæður áfryjanda eiga þó ekki við næg rök að styðjast. Hið tilvitnaða ákvæði í lögum 31. marz þ. á. rekur sig ekki á nein fyrirmæli í stjórnarskránni, hvorki í 50. gr. né annarstaðar, því að það verður eigi álitid, að eignarréttur áfryjanda, eins og þetta orð verður að skilja í nefndri grein stjórnarskrárinnar, sé skertur, þó að hann hafi beðið atvinnutjón eða orðið harðar úti en aðrir kaupmenn fyrir áminst lagaákvæði. Gildi þess verður því eigi vefengt, og með því enginn vafi er á því, að áfryjandi hefir meðtekið framangreindar tollvörur á því tímabili, sem tollaukinn er miðaður við, og enginn ágreiningur er um upphæð hans, verða kröfur áfryjanda eigi teknar til greina, en það ber að staðfesta hinn áfryjaða úrskurð og lögtaksgjörð, og fellur þá málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði úrskurður og lögtaksgjörð á að vera óraskað. Málskostnaður fellur niður.